

## AUGLÝSING

### um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.

1. gr.

Gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skulu auglýst í Einkaleyfatíðindum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, sbr. 46. gr. reglugerðar nr. 574/1991, varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla þá úr gildi auglýsing nr. 639/1995, 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 288/1996, auglýsing nr. 200/1997 og auglýsing nr. 758/1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 3. desember 1998.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

3. desember 1998

Nr. 715

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpstöð Hafnar, Höfn, Hornafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpstöð Hafnar, Höfn, Hornafirði, kt. 590169-4639. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 1. janúar 2003.

*Reykjavík, 3. desember 1998.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

*Ólafur Pétursson.*

3. desember 1998

Nr. 716

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpförgun Öxarfjarðarhrepps, Kópaskeri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpförgun Öxarfjarðarhrepps, Kópaskeri, kt. 520269-4529. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 1. janúar 2003.

*Reykjavík, 3. desember 1998.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

*Ólafur Pétursson.*